

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Alþýðubankann h.f.
nr. 330 24. nóvember 1972.

1. gr.

Við 23. gr. bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

(f) fasteignaveðlán veðdeildar.

2. gr.

Við 28. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Um veðdeildarlán bankans gilda eftirfarandi ákvæði þessarar greinar og annarra greina reglugerðarinnar eftir því sem við á:

(a) Alþýðubankanum h.f. er heimilt að veita veðdeildarlán í því skyni að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar.

(b) Veðdeildarlán skuli vera með veði í fasteign og má lántími vera allt að 10 árum. Bankastjórn ákveður fjárhæð veittra lána. Hvert einstakt lán má ekki vera herra en 50% af virðingarverði fasteignar þeirrar, sem trygging er tekin í.

(c) Til fjáröflunar fyrir veðdeild er Alþýðubankanum h.f. heimilt að gefa út bankavaxtabréf. Ráðherra ákveður fjárhæð bréfanna og aðra skilmála, að fengnum tillögum bankaráðs.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 13. apríl 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 149 7. júlí 1964.

1. gr.

21. grein orðist þannig:

Um hafnargjöld.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru her-skip, skemmtiferðaskip, íslenzk varðskip og vitaskip.

2. gr.

22. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á hverja brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á hverja brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.